

GJALDSKRÁ

Geislavarna ríkisins fyrir árið 2006.

1. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna lögbundins eftirlits með geislatækjum og geislavirkum efnum í samræmi við 5. og 17. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir:

1. Röntgentæki

a)	Föst röntgentæki til sjúkdómsgreiningar - myndataka fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	38.510 12.870
b)	Föst röntgentæki til sjúkdómsgreiningar - skygging fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	48.060 16.090
c)	Tölvusneiðmyndataeki fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	64.150 38.510
d)	Færanleg röntgentæki til sjúkdómsgreiningar - myndataka fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	32.080 9.650
e)	Færanleg röntgentæki til sjúkdómsgreiningar - skygging fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	38.510 12.870
f)	Tannröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar	19.200 7.990
g)	Iðnaðarröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar	32.100 16.090
h)	Dýralækningaröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar	32.100 9.650
i)	Öryggisröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar	22.420 9.650
j)	Röntgentæki til efnarannsóknna og öryggisgæslu fyrir hvert tæki til viðbótar	19.200 6.440

<i>2. Geislalækningatæki</i>	44.950
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	12.870

3. Geislavirk efni, opnar geislalindir

Rannsóknastofa í flokki A	51.280
Rannsóknastofa í flokki B	38.510
Rannsóknastofa í flokki C	25.640

4. Geislavirk efni, lokaðar geislalindir

Nifteindalindir	32.070
fyrir hverja nifteindalind til viðbótar hjá sama aðila	12.870
aðrar lokaðar geislalindir	25.640
fyrir hverja eins lind til viðbótar:	

4 eða færri til viðbótar á sama stað	7.990
fyrir hverja lind umfram 5 á sama stað	6.440

5. Eftirlit með geislaálagi starfsfólks.

Filmumælingar, fyrir hverja filmu	530
-----------------------------------	-----

2. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimtir gjald vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7., 9. og 20. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir :

1. Vegna röntgentækja til sjúkdómsgreiningar

a. Leyfi vegna nýrra tækja	7.990
b. Leyfi vegna breytinga á eldri búnaði	6.440

2. Vegna iðnaðar-, öryggis- og efnarannsóknatækja

Leyfi vegna nýrra tækja og v/ breytinga	6.440
---	-------

3. Vegna lokaðra geislalinda

a. Nifteindalindir	9.650
b. Aðrar geislalindir	7.990

4. Vegna opinna geislalinda

a. Ný starfsemi	
i Flokkur A	12.870
ii Flokkur B	9.650
iii Flokkur C	6.440
b. Árleg endurnýjun	
i Flokkur A	6.960
ii Flokkur B	6.440
iii Flokkur C	4.770

3. gr.

Geislavarnir ríkisins annast innheimtu eftirlits- og leyfisgjalda. Eftirlitsgjöld önnur en vegna eftirlits með geislaálagi starfsfólks falla í gjalddaga 15. dag næsta mánaðar eftir útgáfu eftirlitsskýrslu. Leyfisgjöld falla í gjalddaga 15. dag næsta mánaðar eftir útgáfu leyfis.

Eftirlitsgjöld vegna eftirlits með geislaálagi starfsfólks á árinu 2005 falla í gjalddaga 1. apríl 2006.

4. gr.

Eigandi eða ábyrgðarmaður getur óskað eftir aukaeftirliti og skal þá greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða. Þurfi Geislavarnir ríkisins að endurtaka eftirlit vegna athugasemda sem gerðar voru við reglubundið eftirlit skal greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða.

5. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimtir gjald sem nemur 6.410 kr./klst. fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum.

6. gr.

Eftirlits- og leyfisgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

7. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 15.880. Fyrir hverja yfirlýsingu um geislavirkni sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2.700.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 19. gr. laga nr. 44/2002 um Geislavarnir ríkisins, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 2006 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. mars 2006.

Siv Friðleifsdóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.